# Breyting á aðalskipulagi Skáldalækur ytri




Gildandi skipulag

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar leggur til að Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 verði breytt á eftirfarandi hátt. Frístundasvæði 660-F í landi Skáldalæks ytri er breytt þannig að annars vegar er núverandi afmörkun svæðisins er færð til samræmis við gildandi deiliskipulag og hins vegar er svæðið stækkað til suðurs og þar gert ráð fyrir þremur lóðum til viðbótar við þær fjórar sem þegar eru byggðar. Afmörkun landnotkunar tekur mið af veghelgunarsvæði en eignamörk geta náð út fyrir landnotkunarreit.

## Breytingar á greinargerð

Engin breyting er gerð á megintexta greinargerðar. Kafla 4.11 er breytt á eftirfarandi hátt.

### Kafli 4.11 Svæði fyrir frístundabyggð

**Gildandi skipulag:**

| Nr. | Stærð | Svæði | Lýsing | Skipulagsákvæði |
|---|---|---|---|---|
| 660-F | 2,6 | Í landi Skáldalækjar. | Óskipulagt, óbyggt. | Nýtt svæði. Almennir skilmálar. Uppbygging skv. deiliskipulagi. |

**Breytt skipulag:**

| Nr. | Stærð | Svæði | Lýsing | Skipulagsákvæði |
|---|---|---|---|---|
| 660-F | 2,7 | Í landi Skáldalækjar ytri. | Hálfbyggt. Deiliskipulag eldri hluta í gildi. | Sjö frístundahúsalóðir. Skilmálar skv. deiliskipulagi. |

## Breyting á skipulagsuppdrætti

Afmörkun svæðis 660-F er breytt sbr. lýsingu í inngangi.

## Umhverfismatsskýrsla

Breyting þessi fellur undir lög um umhverfismat áætlana og framkvæmda nr. 111/2021.

Breytingin á ekki við meginatriði aðalskipulagsins. Um er að ræða stækkun frístundahúsabyggðar með fjölgun úr fjórum í sjö hús og leiðréttingu á afmörkun núverandi svæðis. Stækkunin er utan veghelgunarsvæðis og að mestu utan túna. Ekki eru þekktar fornminjar á svæðinu en svæðið verður kannað m.t.t. þess áður en deiliskipulag verður samþykkt. Breytingin hefur engin áhrif á náttúruverndarsvæði eða vistgerðir, sem njóta sérstakrar verndar. Stækkunin er í samhengi við þá byggð sem fyrir er og nýtir sömu vegtengingu og núverandi frístundahúsabyggð.

N




Breytt skipulag

Mkv.: 1:50.000

- Mörk skipulagssvæðis

LANDNOTKUN

- Þéttbýli, þéttbýlismörk
- Íbúðarsvæði
- Svæði fyrir þjónustustofnanir
- Svæði fyrir þjónustustofnanir
- Verslunar- og þjónustusvæði
- Athafnasvæði
- Iðnaðarsvæði
- Hafnarsvæði
- Landbúnaðarsvæði L1
- Landbúnaðarsvæði L2
- Landbúnaðarsvæði, sérákvæði
- Frístundabyggð
- Opin svæði til sérstakra nota
- Óbyggð svæði
- Blönduð landnotkun
- Efnistökusvæði
- Merking landnotkunarreita
- Landfyllingar

TAKMÖRKUN Á LANDNOTKUN

- Hverfisverndarsvæði
- Náttúruverndarsvæði: Fólkvangur, friðland
- Svæði á Náttúruminjaskrá
- Vatnsverndarsvæði
  - Brunnsvæði
  - Grannsvæði
  - Fjarsvæði
- Fornminjar
- Fornminjar, minjasvæði
- Fornminjar, Sveitarlangur
- Lárétt hönnunarhröðun í jarðskjálftum

SAMGÖNGUKERFI

- Stofnbraut
- Stofnbraut, jarðgöng
- Tengivegur / tengibraut
- Aðrir vegir / safngata
- Aðal göngu- og hjólastígar
- Megin útivistarstígur
- Reiðleið

STOFNLAGNIR VEITUKERFA

- Rafveita, loftlína
- Rafveita, flutningslína, helgunarsvæði
- Rafveita, jarðstrengur
- Hitaveita
- Vatnsveita
- Ljósleiðari
- Fráveita, útrás

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar þann 4/7 2024

[signature] f.h. sveitarstjóri

Dalvíkurbyggð Sveitarstjóri

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann 4/11 2024

[signature]

SKIPULAGSSTOFNUN

# AÐALSKIPULAG DALVÍKURBYGGÐAR 2008-2020 SVEITARFÉLAGSUPPDRÁTTUR

BREYTING
Skáldalækur ytri

Umhverfis- og tæknisvið Dalvíkurbyggðar

TEIKNA
TEIKNISTOFA ARKITEKTA


KAUPANGI V/MÝRARVEG
600 AKUREYRI
SÍMI 461 5508
NETFANG: arni@teikna.is


Mælikvarði 1:50.000 13. október 2023, 12. desember 2023